# Þriðjudagur 2. maí



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Veistu hver Nadia er?** Annar þáttur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Elfa Björk Ellertsdóttir. (Nordvision – Norska sjónvarpið)
18.15 **Freddi og félagar (9)** (Ferdi). Þýsk teiknimynd um maurinn Fredda og félaga hans. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur (2)** (Black Beauty). Breskur framhaldsmyndaflokkur í 52 þáttum. Myndin er gerð eftir sögu Önnu Sewell og fjallar um vináttu tveggja barna og hestsins Blakks sem hefur strokið frá húsbónda sínum. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Nýjasta tækni og vísindi.** Umsjón Sigurður Richter.
21.00 **Dagbók fuglanna** (Birds for all Seasons). Annar hluti – Vetur, sumar, vor og haust. Bresk fræðslumynd í þremur hlutum um fuglalíf á jörðunni. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.
22.00 **Stefnumót við dauðann** (Shake Hands forever). Bresk sakamálamynd í þremur þáttum, gerð eftir sögu Ruth Rendell. Wexford lögregluforingi er nokkuð viss um hver myrti Angelu Hathall en hann á erfitt með að færa sönnur á það. Aðalhlutverk George Baker. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Dægradvöl.** ABC's World Sportsman. Þáttaröð um þekkt fólk með spennandi áhugamál.
18.15 **Bylmingur.** Þungarokkssveitin Ratt svitnar vel á sviðinu.
18.45 **Elsku Hobo.** Framhaldsmynd um stóra fallega hundinn Hobo og ævintýri hans.
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt fréttatengdu efni, íþróttum og veðri.
20.00 **Alf á Melmac.** Alf Animated. Alf er áhorfendum Stöðvar 2 kunnur úr þáttunum Geimálfurinn sem sýndir voru í vetur. Loðni stríðnispúkinn og hrekkjalómurinn birtist nú á skjánum í fyrsta sinn á Íslandi sem teiknimyndafígúra og rifjar upp með aðdáendum, ungum sem öldnum, gömlu góðu dagana á Melmac.
20.30 **Íþróttir á þriðjudegi.** Léttur og skemmtilegur blandaður íþróttaþáttur með svipmyndum frá öllum heimshornum. Umsjón: Heimir Karlsson.
21.25 **Indlandsferð Leikfélags Hafnarfjarðar.** Í þessum þætti sláumst við í för með Leikfélagi Hafnarfjarðar á Alþjóða leiklistarhátíð sem haldin var í borginni Chandigahr í Punjab fylki á Indlandi en styrkur frá Hafnarfjarðarbæ gerði ferðina að veruleika. Fyrri hluti.
22.00 **Næturvaktin.** Night Shift. Eldfjörug gamanmynd um tvo frumlega félaga sem ætla sér að auðgast á heldur vafasömum forsendum. Chuck er misheppnaður fjármálasérfræðingur sem nú starfar sem eftirlitsmaður í líkhúsi.
23.45 **Dagfarsprúður morðingi.** Deliberate Stranger. Seinni hluti endursýndrar spennumyndar sem byggð er á sannri sögu um fjöldamorðingjann Ted Bundy. Hann var fundinn sekur og dæmdur til dauða. Dómnum var fullnægt nú á þessu ári. Aðalhlutverk: Mark Harmon, Frederick Forrest og Glynnis O'Connor. Leikstjóri: Marvin Chomsky. Alls ekki við hæfi barna.
1.15 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Þórhildur Ólafs flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn – „Sumar í sveit"** eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson, Þórunn Hjartardóttir les annan lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í garðinum með Hafsteini Hafliðasyni.**
9.40 **Landpósturinn** – Frá Suðurlandi. Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Hjúkrun. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (5.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jónas Þóri Þórisson tónlistarmann, sem velur eftirlætislögin sín.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Lesið úr forystugreinum landsmálablaða.**
15.45 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Guðrún Kvaran flytur.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Barnaútvarpið heimsækir Árnastofnun og skoðar gömul handrit. Umsjón: Krisín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Felix Mendelssohn.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá** – „Margrétarsaga". Kvennabækur frá miðöldum. Umsjón: Ásdís Egilsdóttir. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30.)
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sumar í sveit" eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson, Þórunn Hjartardóttir les annan lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Kirkjutónlist.**
21.00 **Kveðja að norðan.** Úrval svæðisútvarpsins á Norðurlandi í liðinni viku. Umsjón: Kristján Sigurjónsson og Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
21.30 **Útvarpssagan:** „Löng er dauðans leið" eftir Else Fischer. Ögmundur Helgason þýddi. Erla B. Skúladóttir les (4.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Leikrit vikunnar:** „Draumaströndin" eftir Andrés Indriðason. Leikstjóri: Stefán Baldursson. Fyrsti þáttur af fimm. Leikendur: Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Tinna Gunnlaugsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Hjalti Rögnvaldsson, Axel Gomez, Þór Tulinius, Jón Stefán Kristjánsson, Þórhallur Vilhjálmsson og Arinbjörn Vilhjálmsson. (Áður flutt 1984.)
23.10 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist, í þetta sinn verk eftir Hauk Tómasson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Áslaug Dóra kl. 9. Morgunsyrpa Áslaugar Dóru Eyjólfsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála.** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Auður Haralds talar frá Róm. – Hvað gera bændur nú?
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. - Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.00 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Áttundi þáttur endurtekinn frá fimmtudagskvöldi.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Meðal efnis fjalla nemendur á fjölmiðlasviði Menntaskólans við Sund um atvinnuhorfur ungs fólks í sumar. Við hljóðnemann er Vernharður Linnet.
21.30 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Níundi þáttur. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld kl. 20.00)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
11.00 **Ferill og „FAN". E.**
12.30 **Rótartónar.**
13.00 **Af vettvangi baráttunnar.** E.
15.00 **Í hreinskilni sagt.** E.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Laust.**
17.30 **Samtök græningja.**
18.00 **Hanagal.** Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MH.**
14.00 **MH.**
16.00 **FB.**
18.00 **FG.**
20.00 **MH.**
22.00 **IR.**
24.00 **MS.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Halló Hafnarfjörður.** Halldór Árni með fréttir úr Firðinum, viðtöl og fjölbreytta tónlist.
20.30 **Borgarafundur um sorpböggunarstöðina. Bein útsending frá borgarafundi Útvarps Hafnarfjarðar og Fjarðarpóstsins í Hafnarborg.**

## SKY CHANNEL

6.30 **Viðskiptaþáttur.**
7.00 **The DJ Kat show.** Barnaþáttur.
9.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
11.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
11.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
12.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
13.00 **Another World.** Sápuópera.
14.00 **General Hospital.** Sápuópera.
15.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
16.00 **Loving.**
16.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **The Young Doctors.**
18.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
19.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
20.00 **Sale Of The Century.**
20.30 **Veröld Frank Bough's.**
21.30 **The Last Outlaw.** Framhaldsþáttur.
23.30 **Jameson Tonight.**
00.30 **Matt Helm.**

## EUROSPORT

19.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
20.00 **Eurosport – What a Week! Litið á helstu viðburði síðastliðinnar viku.**
21.00 **Tennis.** Tournament Of Champions.
23.00 **Golf.** Dunhill Cup.
24.00 **Vélhjólakeppni.** Spanish Grand Prix. 01.00 **Hokkí.** Úrslitaleikur.
01.30 **Íþróttakynning Eurosport.**



**Shelley Long leikur vændiskonuna sem dregur peningasjúka og fljóthuga menn til samstarfs.**

### Stöð 2 kl. 22.00:

# Næturvaktin

Charles er uppgjafafjármálaspekingur sem vinnur fyrir sér sem aðstoðarmaður í líkhúsi. Dag einn hittir hann Melindu, glæsilega vændiskonu, þegar hún kemur til að bera kennsl á lík dólgsins. Charles til hrellingar er hann settur á næturvakt í líkhúsinu en þá er annríkið mest. Á næturvaktinni kynnist hann bílstjóranum Bill Blazejowski sem hugsar um fátt annað en að auðgast á einhverju. Bill fær þá geggjuðu hugmynd að gerast melludólgur í stað þess dauða og dregur Charles með sér í samstarf. Chuck heldur samt starfinu í líkhúsinu og eina nóttina birtast ósvífnir gæjar í morðhug. Allt fer þó vel að lokum þegar líkhúsvörðurinn og vændiskonan ná saman.

Myndin er, þrátt fyrir ógnvekjandi söguþráð, í gamansömum dúr. Aðalleikendur eru Henry Winkler, Michael Keaton og Shelley Long. Myndin er frá árinu 1982 og fær þrjár stjörnur í kvikmyndahandbókinni sem hrósar sérstaklega leik Winkler og Keaton.
-JJ

### Stöð 2 kl. 20.00:

# Alf á Melmac

Alf er kunnur áhorfendum Stöðvar 2 úr þáttunum „Geimálfurinn" sem sýndir voru í vetur. Þessi loðni stríðnispúki og hrekkjalómur birtist nú á skjánum í fyrsta sinn á Íslandi sem teiknimyndafígúra og rifjar upp með aðdáendum, ungum sem öldnum, gömlu góðu dagana á Melmac.

Lífið á Melmac er langt frá því að vera venjulegt og þar úir og grúir af óteljandi furðuverum og afar einkennilegum uppákomum.
-Pá



**Andrés Indriðason er höfundur Draumastrandarinnar.**

### Rás 1 kl. 22.30:

# Draumaströndin

Í kvöld verður fluttur fyrsti þáttur framhaldsleikritsins „Draumaströndin" eftir Andrés Indriðason. Leikritið, sem er í fimm þáttum, var frumflutt í útvarpinu 1984. Það lýsir á gamansaman hátt fyrstu sólarlandaferð íslenskrar fjölskyldu sem lendir í ýmsum óvæntum uppákomum á Draumaströndinni.

Leikendur í fyrsta þætti, sem ber heitið Maður er og verður Íslendingur, eru Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Tinna Gunnlaugsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Axel Gomez, Þór Tulinius, Jón Stefán Kristjánsson, Þórhallur Vilhjálmsson og Arnbjörn Vilhjálmsson. Leikstjóri er Stefán Baldursson.